

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. júlí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-78/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á leikjatölvu 24. nóvember 2007 af versluninni Ya. Leikjatölvuna segir hún gallaða. Álitsbeiðandi gerir eftirfarandi kröfu á hendur Yb eða A „a) Útvega nýja tölvu án kostnaðar fyrir álitsbeiðanda eða b) Útvega notaða sambærilega tölvu án kostnaðar fyrir álitsbeiðanda eða c) Geri við bilaða tölvu án kostnaðar fyrir álitsbeiðanda.“

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 11. júní, gaf kæruneftndin Yb, kost á andsvörum og bærust andsvör frá fyrirtækinu Z 22. júní. Með bréfi dags. sama dag, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 29. júní. Engar athugasemdir bærust. Með bréfi, dags. 8. júlí sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Eins og fyrr greinir keypti álitsbeiðandi leikjatölvuna af Ya 24. nóvember 2007 og var kaupverðið kr. 59.999. Álitsbeiðandi segir bilun hafa komið upp í tölvunni eftir um 18 mánaða notkun. Hafi hún þá haft samband við Y sem boðist hafi til að skipta út tölvunni fyrir nýja tölvu sem væri þó lakari að gæðum. Nokkrum dögum síðar hafi tölvan virkað á ný og því hafi ekki orðið af skiptunum. Í byrjun maí 2010 hafi tölvan enn bilað. Haft hafi verið samband við Y sem vísað hafi á viðgerðarverkstæðið B sem úrskurðað hafi að „blue ray“ drif tölvunnar væri bilað og senda yrði tölvuna úr landi. Hægt væri að fá strax aðra viðgerða tölvu fyrir kr. 38.000. Í álitsbeiðninni er því lýst að 25. maí hafi álitsbeiðandi enn rætt við verslunarstjóra Y svo og samskiptum þeirra. Þá lýsir álitsbeiðandi samskiptum sínum við fyrirtækið A sem mun vera umboðsaðili framleiðanda tölvunnar hér á landi.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum rekstrarstjóra Y/Z segir eftirfarandi:

„Þetta bréf kæruneftndar vekur undrun því að Kæruneftnd og Neytendastofu ætti að vera meira en fullkunnugt að Y sem seldi umrædda vöru í nóvember 2007 var tekið til gjaldþrotaskipta í nóvember 2008. Reglur um ábyrgðamál í gjaldþrotum eru skýrar og því

lýsir undirritaður furðu sinni á að erindi þetta skuli sent til Z sem rekur verslanir Y í dag, og er lögum samkvæmt málið algjörlega óskilyt.

Verslunarstjóri Y gerði allt sem í hans valdi stóð til að liðsinna viðkomandi, eins og fram kemur í fylgigögnum, að öðru leyti getur núverandi rekstraraðili ekki komið að málinu. Hann benti á A, umboðsaðila vörunnar, sem er lögum samkvæmt sá eini sem getur tekið á málinu.

Að undangengnu er ljóst að Z hafnar öllum kröfum í máli þessu.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og BT/Betri tíma ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kaup álitseiddanda á leikjatlölvunni féllu undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt gögnum málsins keypti álitseiddandi leikjatlölvuna sem um ræðir af versluninni Ya sem var því seljandi lölvunnar í skilningi laga nr. 48/2003. Reynist söluhlutur gallaður getur neytandi eignast, að ákveðnum skilyrðum laganna uppfylltum, rétt til að seljandi veiti honum úrlausn vegna gallans, sbr. ákvæði 26. gr.

Í andsvörum Y/Z, svo og í bréfi sem sama fyrirtæki ritaði kærunefndinni 23. júní sl., en að framan er ekki rakið, kemur fram undrun og jafnvel hneykslun á því að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa og Neytendastofa, skuli ekki vita að Y verslanir þær sem seldu álitseiddanda leikjatlölvuna hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta í nóvember 2008. Samkvæmt þeim lögum og reglugerð nr. 766/2006 sem kærunefndin starfar eftir er henni ekki skylt að fylgjast með því hvaða fyrirtæki er tekin til gjaldþrotaskipta hvort sem það heitir Y eða Z.

Samkvæmt upplýsingum sem kærunefndin aflaði sér hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. laga nr. 37/1993, var fyrirtækið Y, sem mun hafa rekið verslunina Ya þar sem álitseiddandi keypti lölvuna, úrskurðað gjaldþrota 4. nóvember 2008. Enda þótt fyrirtækið Z reki verslun eða verslanir undir sama nafni verða andsvör þess fyrirtækis ekki skilin öðru vísi en svo að það fyrirtæki hafi í engu yfirtekið skyldur hins gjaldþrota fyrirtækis. Af þessu leiðir að ekki er hægt að líta svo á að Y sem Z reka séu seljandi lölvunnar í skilningi laga nr. 48/2003 og því verður ekki kröfum vegna galla á leikjatlölvunni ekki beint að því fyrirtæki á grundvelli þeirra laga. Samkvæmt framansögðu verður að hafna kröfum álitseiddanda.

Þótt fyrirtækið A sé umboðsaðili framleiðanda leikjatlölvunnar var það fyrirtæki ekki seljandi lölvunnar sem álitseiddandi keypti í skilningi laga nr. 48/2003. Að því er varðar ágreining um hugsanlegan rétt álitseiddanda á hendur umboðsaðilanum telur kærunefndin rétt að benda á að slíkur ágreiningur fellur að hennar áliti ekki undir lög nr. 48/2003 eða önnur lög sem valdsvið kærunefndarinnar nær til.

VI

Álitsorð
Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir